Reykjavík

Frístundaheimilið Vinaheimar

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Vinaheimar auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Innleiðing Barnalýðræðis markvissar í starfsemina	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Það eru fullt af tækifærum í klúbbastarfi og innra starfi.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp Barnalýðræði sem fastan lið í hverjum mánuði þar sem börnin fá að læra hvað er í boði og rýna í hvað hefur verið gert. Vera með lýðræðisklúbb, Barnalýðræði og hugmymndakassa þar sem rýnt er í starfsstaðinn með krökkunum sem fá að hafa bein áhrif á hvað er keypt inn og fleira. Hugmyndakassi er gerður og verður sýnilegur fyrir alla.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefjast strax I Nóvember og verður fastur liður í starfinu með Engan ákveðin lok.
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat verður á aðgerðinni í lok skólaárs þar sem tekin verður þátttakan og virknin og rýnt í hvað betur má fara með bæði börnum og starfsmönnum. Stefna á að hafa barnalýðræði 1x í mánuði og lýðræðisklúbb 2x á mánuði eða aðra hverja viku.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Rýnt er í þátttöku og upplifun barnanna í bæði Barnalýðræðinu og lýðræðisklúbbnum. Einnig verður ígrundað með börnunum hvernig þau upplifa barnalýðræðið og fylgjast með hvort skilningur á því sé að skila sér til þeirra.

Heiti aðgerðar: Betri aðstaða í Vinaheimum	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Það eru tækifæri til að nýta rýmin betur og það þarf að ígrunda og finna viðeigandi leiðir til þess. T.d. er mikilvægt að setja upp léttan vegg og skilrúm til að geta boðið upp á aukna fjölbreytni, næðisrými og betri hljóðvist fyrir börn og starfsfólk.

Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Í samstarfi með deildastjóra og sérfræðinga frístundamála. Í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 1. Nóvember og áætlun að vera lokið 31. Desember
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat er farið í febrúar þegar búið er að rýna í hvernig "Nýja" uppsetning er að virka starfseminni og gera þá athugasemdir og tillögur til umbóta. Í endurmati verður rætt við börnin og starfsfólk og spurt um þeirra upplifun á nýju aðstöðunni, hvað gengur vel og hvað er ábótavant.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að framkvæmdum fyrir aukin rými sé lokið og bjóði upp á bætta hljóðvist og fjölbreytt starf sem börn og starfsfólk líði vel í.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Klúbbastarfshjálparinn

Markviss innleiðing á verkefninu Klúbbastarfshjálparinn. Hann er nýttur til að styðja ófagmenntað og fagmenntað starfsfólk til að nýta styrkleika, áhugasvið og sérþekkingu sína í starfi til að búa til öflugt og fjölbreytt klúbbastarfi. Er nýtt í starfi til að kveikja frumkvæði starfsmanna, sjálfstæði þeirra í starfi og hjálpa þeim að tengja sterkar við frístundaheimilið. Hjálpar þeim að finna fyrir tilgang í starfinu og að þau upplifi að þau skipti máli og séu að hafa áhrif á starfið.

Leiklistaklúbbur/Leiklistasýning

Leiklistaklúbbur er orðinn fastur og mikilvægur þáttur í árlegu starfi frístundaheimilisins. Nemendur í 1. og 2. bekk taka þátt í verkefninu og koma að öllum helstu þáttum uppsetningar leikritsins. Börnin taka virkan þátt í leiknum sjálfum, auk þess sem þau fá tækifæri til að skapa leikmynd, hanna búninga og leggja sitt af mörkum við útfærslu sýningarinnar. Með þessu móti fá börnin tækifæri til að nýta sköpunargáfu sína, efla sjálfstraust og láta ljós sitt skína á ólíkan hátt. Verkefninu lýkur með sýningu þar sem foreldrum, fjölskyldum og öðrum gestum er boðið að njóta afrakstursins.

Barnablað Miðbergs (Frístundaheimila í Breiðholti)

Börnin á frístundaheimilunum í Breiðholti eru að taka þátt í að búa til Barnablað. Þau skila inn bröndurum, segja frá spennandi hlutum á frístundaheimilum sínum, taka viðtöl við hvort annað o.fl.. Blaðið er svo gefið út í hverjum mánuði og leggur áherslu á frístundalæsi. Börnin fá að skoða eintökin á frístundaheimilum sínum og ef þau vilja geta þau tekið eintak með sér heim. Þetta verkefni hefur sterkar rætur í frístundalæsi verkefni reykjavíkurborgar en þar er lögð mikil áhersla á fjölbreytt frístundalæsi sem á sér stað á frístundaheimilum. Læsistegundir eru Félagslæsi, Lista og menningarlæsi, Miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi, náttúru og umhverfislæsi og heilsulæsi. Í hverjum mánuði er undirþema þeirra eitt af þessum læsistegundum þar sem unnið er með að styðja þekkingu barnanna á þessa þætti og efla þau.

Helstu dagsetningar

Ágúst
20.8 – Síðasti dagur sumarstarfs
25.08 - Skólasetningar og móttaka 1 og 2 bekkjar

September
23. 09 - Foreldrakynnig fyrir alla foreldra Vinaheima
14.09/18.09 - Þemavika: Náttúra og útileikir
29.09 - Velkomin til starfa – Nýliðafræðsla

Október
5.10/9.10 - Þemavika: Íþróttavika
22.10/26.10 - Vetrarfrí
27.10/30.10 - Þemavika: Hryllingsvika
30.10 - Hrekkjavaka

Nóvember
1.11/1.1 – Umbótaverkefnið: Betri aðstaða í Vinaheimum
9.11/13.11 - Þema vika: Vináttuvika
9.11 - Dagur gegn einelti
10.11 – Rýna í félagslegu stöðu allra barna í frístundaheimilunu með starfsfólkinu og flokka eftir þörfum (týnd, Höfnuð, Jákvæðir eða neikvæðir leiðtogar eða börn sem eru félagslega sterk og við höfum ekki áhyggjur af.
16.11/20.11 - Þemavika: Réttindavika
24.11 – Rýna í niðurstöður um félagslega stöðu barnanna og gera aðgerðaráætlun með starfsfólkinu hvernig við viljum mæta þessum fjölþættum vanda barnanna og vera öll meðvituð um hvernig við viljum bregðast við til að styðja við börnin.
20.11 - Dagur mannréttinda barna
26.11 - Leiksýning frístundaheimila í Breiðholti, Benidikt Búálfur
5.11 - Umbótaverkefnið: Innleiðing Barnalýðræðis markvissar í starfsemi Vinaheima

Desember
3.12 - Foreldrakaffi (Jólakaffi)
Lengd Viðvera um jólin, Fjölbreyttar og skemmtilegar ferðir með jólaþema og hátíðaranda
1.12/18.12 - Þemamánuður: JÓLIN 😊
1.12 Fullveldisdagur haldinn hátíðlegur

Janúar
4.1/8.1 - Þemavika: Nýjársvika
6.1 - Fagna þrettándanum
11.1/15.1 - Þemavika: Ævintýravika
18.1/22.1 - Þemavika: Þorravika
21.1 - Þorrakaffi/Bóndadagskaffi
11.1/22.1 - Starfsþróunarsamtöl

Febrúar
8.2 - Bolludagur
9.2 - Sprengidagur
10.2 - Öskudagur
11.2 - Dagur íslenska táknmálsins
12.2 - Breiðholt Got Talent
22.2/23.2 - Vetrarleyfi
24.2/26.2 - Þemvika: Góuvika
24.2 - Góukaffi

Mars

15.3/19.3 - Þemavika: Regnbogavika
22.3/24.3 - Dymbilvika - Páskavika
23.03 – Kváradagur
3.3 – Rýna í félagslegu stöðu allra barna í frístundaheimilunu aftur með starfsfólkinu og flokka eftir þörfum (týnd, Höfnuð, Jákvæðir eða neikvæðir leiðtogar eða börn sem eru félagslega sterk og við höfum ekki áhyggjur af. Spegla svo hvort einhverjar breytingar hafa orðið frá því í Nóvember.
16.3 - Rýna í niðurstöður um félagslega stöðu barnanna og gera aðgerðaráætlun með starfsfólkinu hvernig við viljum mæta þessum fjölþættum vanda barnanna og vera öll meðvituð um hvernig við viljum bregðast við til að styðja við börnin. Spegla við starfsfólk hvernig hefur gengið og hvernig við viljum bregðast betur við næst.

Apríl

19.4 - Barnamenningarhátíð
19.4/23.4 - Þemavika: Sumarvika
27.4 - Menntastefnumót starfsdagur
Óákveðin tími - Leikskólaheimsóknir

Maí

10.5/14.5 -Þemavika: Útileikir og samvinna
Óákveðin tími - Leikskólaheimsóknir

Júní

10.6 - Skólaslit
Sumarfrístund – Dagskrá kemur seinna

Júlí

Sumarfrístund – Dagskrá kemur seinna